



FUNDARGERÐ

3. eigendafundur Strætó bs. var haldinn mánudaginn 1. september 2014 kl. 09:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9. Kópavogi.

Mæting:

Fulltrúar eigenda:

Dagur B. Eggertsson, Reykjavík
Ásgerður Halldórsdóttir, Seltjarnarnesi
Haraldur L. Haraldsson, Hafnarfirði
Ármann Kr. Ólafsson, Kópavogi
Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ

Frá Strætó bs. (stjórn og framkvæmdastjóri)

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri
Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbæ
Theodóra S. Þorsteinsdóttir, Kópavogi
Almar Guðmundsson, Garðabæ
Einar Birkir Einarsson, Hafnarfirði

Ennfremur sátu fundinn Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð

Dagur B. Eggertsson stjórnar fundi í fjarveru Gunnars Einarssonar stjórnarformanns SSH.

Þetta gerðist:

Tilfni fundarins var sameiginleg yfirferð yfir meginforsendur fjárhagsáætlunar Strætó bs. fyrir árið 2015 í samræmi við ákvæði greinar 5.2.5 í samþykktri eigendastefnu fyrir byggðasamlagið.

Neðangreind skjöl lágu fyrir fundinum:

- a) Tillaga að forsenduskjali eigenda v. fjárhagsáætlunar Strætó bs. frá 11. ágúst 2014.
- b) Frá Strætó bs: „Forsendur starfs- og fjárhagsáætlunar 2015“ dags. 11. ágúst 2014.

Reynir Jónsson framkvæmdastjóri Strætó bs. fór fyrir meginniðurstöður forsendublaðs sbr. b. lið, en stjórn Strætó bs. fjallaði um skjalið á fundi síðum 15. ágúst 2014.

Stjórnarformaður Strætó bs. upplýsti að í forsenduskjalinu fælust hugmyndir og tillögur framkvæmdastjóra og starfsmanna byggðasamlagsins, en stjórn ætti eftir að fjalla betur um þessar tillögur og móta sína tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir 2015.

Umræður.

DBE benti á að rekstur byggðasamlagsins stæði nú á krossgötum og því rétt og nauðsynlegt að stjórn byggðasamlagsins horfi nú til næstu 5 ára í sinni áætlanagerð.

Niðurstaða:

Samþykkt að boða til annars eigendafundar 6. október nk. og þar verði tekin fyrir fullmótuð tillaga stjórnar Strætó bs. að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2015

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 10:20

Fundargerð ritaði:

Páll Guðjónsson

framkvæmdastjóri SSH